

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu nr. 792/2015.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Sómalíu nr. 792/2015.

- 1.10 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/2053 frá 16. nóvember 2015 um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu, fylgiskjal 1.10.
- 2.7 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2015/2044 frá 16. nóvember 2015 um framkvæmd 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, sérstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu, fylgiskjal 2.7.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 22. janúar 2016.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal 1.10.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2015/2053

frá 16. nóvember 2015

um framkvæmd ákvörðunar 2010/231/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sómalíu

I. viðauka við ákvörðun 2010/231/SSUÖ er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Færslan fyrir eftirfarandi einstakling er felld úr I. viðauka við ákvörðun 2010/231/SSUÖ:

Jim'ale, Ali Ahmed Nur.

Fylgiskjal 2.7.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2015/2044

frá 16. nóvember 2015

um framkvæmd 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 356/2010 um að leggja á tilteknar, erstakar þvingunaraðgerðir sem beint er að tilteknum einstaklingum eða lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum í ljósi ástandsins í Sómalíu

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 356/2010 er hér með breytt eins og kemur fram í viðauka við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

VIÐAUKI

Færslan fyrir eftirfarandi einstakling er felld úr I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 356/2010:

Jim'ale, Ali Ahmed Nur.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2016